

Alþingi
Erindi nr. P 135/37
komudagur 30.10.2007

Gallerí Fold
Rauðarástíg 14
105 Reykjavík.
sími: 551 0400
netfang: fold@myndlist.is

Nefndasvið Alþingis
b/t Viðskiptanefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).

Sem svar við bréfi yðar tókum við fram að við erum í flestu samþykki efni frumvarpsins, enda höfðum við tækifæri til að láta skoðun okkar í ljós við samningu þess. Þar sem frumvarpið er nú lagt fram í annað skipti, óbreytt frá í fyrri, þá er umsögn okkar nokkurn veginn óbreytt frá fyrri umsögn.

Þó við séum í meginatriðum samþykki frumvarpinu gerum við þó fáeinar athugasemdir:

Við 1. gr., 2. málsgrein þar sem rætt er um „*skrá Listasafns Íslands*“. Ekkert er rætt um gerð eða innihald skrárinnar. Væntanlega á hún að innihalda nöfn útvalinna listamanna sem hafa verið falsaðir, eða hættu er á að verði falsaðir. Við leggjum mjög ríka áherslu á að skráin verði unnin í samvinnu við hagsmunaaðila, þ.e. þá sem vinna eiga eftir henni. Við bendum á að á undanförmum tveimur áratugum hafa verið boðin upp tæplega 13.000 myndverk eftir um 1.000 höfunda á almennum uppboðum hér á landi. Þá eru ótalin verk sem boðin hafa verið upp á öðrum uppboðum og verk sem seld hafa verið í beinni sölu hjá listmunasölum. Við fullyrðum að í langflestum tilfellum hafi verið nægilegt að vitneskja lægi fyrir um seljanda, þ.e. síðasta eiganda. Um þetta er reyndar ekki deilt. Það eru allra hagsmunir að fyrirhuguð skrá þjóni sem best tilgangi sínum. Má til að mynda nefna að það voru „einungis“ nöfn 17 listamanna sem komu við sögu í stóra fölsunarmálinu, þar af tvö erlend nöfn. Þessi nöfn verða að sjálfsögðu uppistaðan í væntanlegum lista og í raun ekki sjáanlegt að hann þurfi að vera miklu lengri.

Þess vegna er sjálfsagt að þeir aðilar sem ábyrgðin hvílir á og mest starfa við sölu myndverka, komi að vinnslu umræddrar skrár.

Við bendum líka á þá staðreynd að í flestum tilfellum er nánast ógerningur að sannreyna eigendasögu listaverks og að mjög oft nær hún ekki lengra aftur en til síðasta eiganda. Ennfremur að í þeim löndum sem við gjarnan berum okkur saman við er veruleg tregða á

að fá afhentar eigendasögur frá seljendum og uppboðshöldurum, eins og berlega kom í ljós í umræddu fðlsunarmáli. Þar er nafn- og viðskiptaleynd borið við.

Af þessum atriðum nefndum er eindregið lagt til að Samtök verslunar og þjónustu, f.h. söluaðila og uppboðshaldara, komi að gerð skrárinnar í samvinnu við Listasafn Íslands.

Við 2. gr. d lið. Næst síðasta málsgrein endi svo: **kaupanda, óski hann eftir því.** Það á að vera óþarft að skylda kaupendur til að taka á móti pappírnum sem þeir kæra sig ekki um að eiga.

Ennfremur gerum við athugasemdir við orðalag:


Í b. lið er rætt um „*opin eða lokuð frjálts uppboð*“. Hvernig getur uppboð orðið frjálst? Getur uppboð orðið ófrjálst? Er ekki réttara að ræða um almenn uppboð eða sleppa orðinu „*frjálts*“?

Í sama lið og ennfremur í d. lið er rætt um „*formlegan*“ kaupanda. Getur kaupandi verið óformlegur? Er ekki rétt að sleppa þessu orði?

Í b. lið er löng setning sem hefst á orðunum „*Séu myndverk....*“ og endar á orðunum „*að jafnaði með sannanlegum hætti*“. Í **sannleika sagt komum við vart auga á leið til að framkvæma þetta með sannanlegum hætti.** Lagt er til að lokaorðin verði felld út úr setningunni.

Á eftir þeirri setningu er klásúla um að, „*.....ef ástæða þyki til, benda á að leita megi til sérfróðs álitsgjafa um myndverk*“. Í raun er þetta aðalatriði í málinu. Ef einhver alvara liggur að baki því að bæta öryggi í verslun með eldri listaverk er nauðsynlegt að almenningur og söluaðilar geti leitað til einhvers hæfs aðila um álitsgjöf og úrskurð. Að okkar dómi þarf Listasafn Íslands að koma þar að málum. Koma þarf upp deild við safnið sem skorið getur úr um hvort verk séu fðlsuð eða ekki. Hafa má í huga að í stóra fðlsunarmálinu kom berlega í ljós að það var fyrst og fremst fyrir tilstilli og kunnáttu og árvekni eins manns sem upp komst um málið. Þar komu listfræðingar og listasöfn ekkert við sögu. Á þessu þarf að verða breyting, en til að svo geti orðið þarf vissulega að bæta stöðu listasafnsins.

Reykjavík, 29. október 2007,
f.h. Gallerís Foldar,



Tryggvi P. Friðriksson

Hjálagður er listi yfir þá höfunda sem talið er að hafi verið falsaðir í stóra fðlsunarmálinu svo og hugleiðingar bréfitara um lagasetningu sem þessa.

Listi yfir höfunda sem hafa verið falsaðir

Hér fyrir neðan er listi yfir höfunda sem talið er að hafi verið falsaðir í stóra málverkafölsunarmálinu.

Íslenskir höfundar:

Ásgrímur Jónsson 1876-1958

Guðmundur Thorsteinsson („Muggur“) 1891-1924

Gunnlaugur Blöndal 1893-1962

Gunnlaugur Scheving 1904-1972

Jóhannes S Kjarval 1885-1972

Jón Engilberts 1908-1972

Jón Stefánsson 1881-1962

Júliana Sveinsdóttir 1889-1966

Kristín Jónsdóttir 1888-1959

Nína Tryggvadóttir 1913-1968

Sigurður Guðmundsson 1833-1874

Snorri Arinbjarnar 1901-1958

Svavar Guðnason 1909-1988

Þorvaldur Skúlason 1906-1984

Þórarinn B. Þorláksson 1867-1924

Danskur höfundur:

Asger Jom 1914-1973

Færeyskur höfundur:

Samuel Joensen Mikines 1906-1979

Mesti manningarskandall á Norðurlöndum fyrr og síðar?

Þegar upp koma mál á borð við “stóra fölsunarmálið” sem trúlega er stærsta mál sinnar tegundar sem upp hefur komið á Norðurlöndum, vekur það ýmsar áleitnar spurningar. Það virðist ljóst að fölsuð verk voru seld í hart nær tíu ár áður en upp komst um athæfið. Verkin voru seld í stórum stíl á uppboðum auk þess sem þau voru sýnd í gallerí, jafnvel á sýningum. Kaupendur voru ekki aðeins almennir borgarar, heldur einnig söfn og stofnanir. Fölsuð verk rötuðu meira að segja inn á sýningar í Listasafni Íslands og víðar. Sumir þessara aðila höfðu listfræðinga í sinni þjónustu.

Athygli vekur hversu lengi þessi starfsemi var stunduð án þess að upp kæmist. Því er spurt: Af hverju?

Var það vegna þess að listfræðimenntað fólk í landinu var ekki starfi sínu vaxið? Var það vegna þess að söfnin í landinu voru ófær um að sinna skyldu sinni, eða gerðu það ekki? Var það vegna þess að okkar litla samfélag var of værukært? Var það vegna þess að listmenntun í landinu og umfjöllun í fjölmiðlum er í mýflugumynd og almenningur því illa í stakk búinn til að greina rétt frá röngu í þessu efni? Eða var það vegna þess að ekki voru til lög um eigendasögur?

Skrifari áfellingist engan nema falsarana í þessu mál og síst af öllu almenning. Hann hefur samt spurt sjálfan sig að því oft en einu sinni hvað hafi farið úrskeiðis, bæði í aðdraganda málsins, eftir að það komst upp og svo í meðförum lögreglu og dómstóla. Fyrir tilstilli eins manns tókst að koma upp um svikamylluna og Ólafur Ingi Jónsson forvörður er eina hetjan í þessu máli. Skrifari dáist að þrautseigju hans, en í mörg ár vann hann nánast launalaust við að upplýsa það.

Eftir að lögregla og dómstólar klúðruðu málinu í sameiningu þótti nauðsynlegt að bregðast við. Eins og venjulega var skipuð nefnd. Í henni sat enginn sem unnið hafði að því að upplýsa svikin. Eftir margra mánaða vinnu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að setja lög um að kaupendur lisatverka ættu kost á að kynna sér eigendasögu verkanna. Nú liggur fyrir Alþingi tillaga í þá átt og er hún framkomin í annað sinn. Í sjálfu sér er um eðlilegt mál að ræða, en þessi tillaga ein og sér kemur ekki til með að leysa vandamálið. Eftir sem áður er mikill fjöldi vafasamra listaverka hangandi á veggjum landsmanna, bæði einkaaðila, fyrirtækja og stofnana. Auk þess er augljóst að ógerningur er í flestum tilfellum að sannreyna hvort eigendasögur séu réttar. Það sem eftir situr er að ástandið er nánast óbreytt. Ekkert er til dæmis gert til að að styrkja Listasafn Íslands í að rannsaka myndverk og bregðast við í vafasömum tilfellum. Það hefði getað orðið fyrsta skynsamlega skrefið í þá átt að koma í veg fyrir að mál af þessu tagi komi upp aftur. Þannig er farin íslensk útgáfa af lausnum sem notaðar voru í Kardimommubænum eftir Torbjörn Egner. Þetta eru viðbrögð íslenskra yfirvalda við trúlega mesta menningarskandal allra tíma á Norðurlöndum.

Það er svo tímanna tákn að um svipað leyti og Alþingi fjallar um aðgerðir vegna “stóra fölsunarmálsins”, rúmlega tíu árum eftir að það kom upp, er höfuðpaurinn í málinu að opna nýtt myndlistargallerí! Hann hótar jafnvel landsmönnum því að standa fyrir listmunauppboðum! Húrra, þetta verður varla betra.

Tryggvi P. Friðriksson.